

108 **Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um endurgjald á veittum**
 23. okt. **sveitarstyrk.**

Þjer hafið, herra borgarstjóri, áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 1. apríl þ. á., sem ákveður, að Leirár- og Melahreppur í Borgarfjarðarsýslu eigi að vera laus við að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað sveitarstyrk, veittan Helgu nokkurri Jónsdóttur, sem er viðurkend sveitlæg í tjeðum hreppi.

Hinn 7. mars 1910 var tjeð Helga lögð á Landakotsspítala og tók fátækra-nefnd Reykjavíkurkaupstaðar ábyrgð á legukostnaði hennar, en þjer skýrið svo frá, að stúlkan hafi verið svo sjúk, er hún var lögð á sjúkrahúsið, að æfiferilsskýrsla hafi ekki orðið af henni tekin. Var hún á spítalanum til 29. apríl nefnt ár, og nam spítalakostnaðurinn 58 kr. 50 au Ennfremur greiddi Reykjavíkurkaupstaður til framfærslu óskilgetins barns hennar og Vilhjálms nokkurs Brands-sonar 20 kr. Það er viðurkent af hreppsnefndaroddvita Leirár- og Melahrepps, að þjer vorið 1911 hafið átt tal við hann um styrk þenna, og hafi hann þá vísað yður á að krefjast endurborgunar á honum hjá þeim Helgu og Vilhjálmi, og myndu þau geta endurgreitt hann, en þá voru þau komin austur í Mýrdal. Virð-ist þjer þá hafa skrifað sýslumanninum í Skaftafellssýslu og beðið hann að gjöra ráðstafanir til endurgreiðslu styrksins af hálfu þeirra Helgu og Vilhjálms, en hann ritar yður aftur og kveður þau eignalaus, og ófær til að endurgreiða styrk-inn. Með brjefi 9. ágúst 1911 tilkynnið þjer svo sýslumanninum í Mýra- og Borg-arfjarðarsýslu nefnda styrkveiting og biðjið hann að innheimta $\frac{2}{3}$ hennar. Hrepps-nefnd Leirár- og Melahrepps neitar þá að endurgreiða, vegna þess, að styrkveit-ingin sje alt of seint tilkynt, og sýslumaður úrskurðar, eins og fyr segir, að hún skuli laus við endurgreiðslu, aðallega fyrir þá sök, að vanrækt hafi verið að taka æfiferilsskýrslu af Helgu.

Það liggja nú engar sannanir fyrir um það, að stúlkan hafi verið svo veik, er hún var lögð á sjúkrahúsið, að skýrsla yrði ekki af henni tekin, og ekki einu sinni tilgreint af hvaða sjúkdómi hún hafi þjáðst, en þó svo hefði verið, þá átti auðvitað að taka skýrsluna, er hún fór að frískast, en í stað þess er hún látin fara af spítalanum og úr Reykjavík, án þess skýrsla sje af henni tekin. Það eru heldur ekki færðar neinar lögmætar ástæður fyrir þeim drætti, að styrkveit-ingin er ekki tilkynt fyr en fyrst munnlega vorið 1911, sem ekki getur talist gilt samkvæmt fátækralögnum, og síðan skriflega 9. ágúst s. á. Fyrir vanrækslu þá, er þannig hefir átt sjer stað, verður að fallast á úrskurð sýslumannsins um að framfærslusveitinni sje ekki skylt að endurgreiða styrkinn.

Því úrskurðast:

Leirár- og Melahreppur á að vera laus við að endurgreiða Reykjavíkurkaupstað framangreindan fátækrastryrk til Helgu Jónsdóttur.

Þetta birtist yður hjærmeð til leiðbeiningar og birtingar fyrir fátækra-nefndinni.